

## 7. gr.

Þegar helmingur ársvaxta af höfuðstól sjóðsins eru orðnir svo miklir, að stjórn sjóðsins álitur féð óþarflega mikið til þess eingöngu að styrkja söngvara til náms, má hún verja nokkru af fé þessu til eins eða annars, sem hún telur til eflingar söngmennt í landinu.

## 8. gr.

Meðan við nýtur ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frú Báru Sigurjónsdóttur, skal hún hafa fullan og óskertan rétt til úthlutunar úr sjóðnum, enda hafi hún ekki formlega afsalað sér þeim rétti í hendur stjórnar sjóðsins, sbr. 4. gr.

## 9. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frú Báru Sigurjónsdóttur, Hafnarfirði.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

## 11. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hannesar Thorarensen“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. desember 1945. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Hannesar Thorarensen.

## 1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af ættingjum og vinum til minningar um Hannes Thorarensen, fyrrum forstjóra, Laufásveg 31, Reykjavík.

## 2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund —, og skal hann ávaxtast á tryggan hátt. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn, er dveljast þurfa á barnspítala í Reykjavík, sem fyrirhugað er að reisa, eða sérstakra aðgerða þurfa við þar eða annars staðar í sjúkrahúsi. Að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til styrkja úr sjóði þessum börn úr Reykjavík og Rangárvallasýslu.

Sjóðurinn tekur til starfa, um leið og barnspítali Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík.

## 4. gr.

Þar til er barnspítalinn tekur til starfa, skulu allir vextir af sjóðnum leggjast við höfuðstólinn. Frá þeim tíma, til þess er sjóðurinn nemur 25000.00 — tuttugu og fimm þúsundum — króna skulu  $\frac{2}{3}$  hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstól sjóðsins. Þá, og til þess er sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund —, skal

207  $\frac{1}{2}$  vaxtanna leggjast við sjóðinn, en þaðan í frá  $\frac{1}{4}$  vaxtanna. Allar aðrar tekjur, 13. des. ef nokkrar verða, skulu renna óskiptar í sjóðinn.

## 5. gr.

Fyrir fé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf eða önnur jafnvel tryggð veðbréf eða skuldabréf, er eigi gefa lægri vexti. Einnig skal sjóðstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að lána gegn fasteignaveði eða öruggri ábyrgð fé úr sjóðnum til menningar- eða framfaramála, en skylt skal sjóðstjórninni að ábyrgjast og annast innheimtu slíkra útlána.

## 6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar sjóðstjórninni fyrir 5. septembermánaðar ár hvert, ásamt umsögn um ástæður og meðmælum stjórnar barnaspítalans eða yfirlæknis eða yfirhjúkrunarkonu hans á eyðublöðum, er sjóðstjórnin leggur til. Úthlutun styrkja skal stjórnin hafa lokið svo tímanlega, að aðalúthlutun fari fram 5. desember ár hvert á fæðingardeggi Hannesar Thorarensen.

Úthluta má styrkjum úr sjóðnum tvisvar á ári, ef sjóðstjórnin telur það heppilegt, og skal þá aukaúthlutunin fara fram 6 mánuðum fyrir aðalúthlutun, eða þann 5. júní. Verður þá umsóknarfrestur til marzmánaðarloka.

## 7. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur mönnum: formanni og tveim meðstjórnendum. Formaður sjóðstjórnarinnar skal tilnefndur af 5 elztu afkomendum Hannesar Thorarensen, þeim sem búsettir eru í Reykjavík á hverjum tíma. Meðstjórnendur skulu kjörnir þannig, að annar sé tilnefndur af stjórn Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík, en hinn skal vera elzti starfandi sóknarprestur í Reykjavík.

Stjórn sjóðsins skal tilnefnd til 5 ára í senn, í fyrsta skipti 5. desember 1945, en síðan 5. desember 1950 o. s. frv. Tilnefningin gildir frá 1. janúar næst á eftir.

Nú verður stjórnin af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð, eða autt verður sæti einhvers stjórnanda, þá skal tilkynna það fyrir árslok næstu á eftir, til dómsmálaráðuneytis Íslands, sem þá tilnefnir til bráðabirgða mann í hið auða sæti, þar til er aftur verður kosið, eða stjórnin verður fullskipuð samkv. ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

## 8. gr.

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa á hendi fjárreiður sjóðsins, annast reikningshald hans, ákveða og sjá um úthlutun styrkja.

Formaður sjóðstjórnarinnar kallar saman fundi svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Sjóðstjórnin vinnur endurgjaldslaust að málefnum sjóðsins, en þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að mikil vinna er samfara sjóðstjórn, við úthlutanir, reikningshald o. s. frv., má að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins greiða af vaxta-tekjum sjóðsins þann kostnað, og skal hann þá úrskurðaður af ráðuneytinu, ef leyft verður.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda löggilta gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, eftir að hún hefur hlotið staðfestingu forseta, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórninni ber að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skulu reikningar sjóðsins uppgerðir árlega

fyrir lok janúar ár hvert og þá sendir endurskoðendum, sem skulu endursenda þá sjóðstjórninni með árituðum athugasemdum sínum innan tveggja vikna.

Ársreikning sjóðsins með áritun endurskoðenda ber sjóðstjórninni að fá birtan árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

207  
13. des.

#### 11. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir, annar tilnefndur af eftirkomendum Hannesar Thorarensen, þeim, er tilnefna formann sjóðstjórnar, en hinn tilnefndur af stjórn Kvenfélagsins Hringurinn. Skulu þeir tilnefndir til 5 ára í senn og samtímis og stjórnendur sjóðsins.

Endurskoðendur skulu gæta þess, að ákvæðum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins árlega og fullvissa sig um, að eignir sjóðsins séu fyrir hendi.

#### 12. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, að því er snertir höfuðtilgang hennar, að styrkja fátæk börn til sjúkrahúsvistar eða meinabóta á annan hátt. En ef, að áliti sjóðstjórnarinnar og að fenginni umsögn stjórnar barnspítalans, ekki er þörf fyrir það fé, sem sjóðstjórnin hefur yfir að ráða til styrkveitinga, getur dómsmálaráðuneytið leyft, að sjóðstjórnin verji umframtekjum 1 ár í senn á eftirfarandi hátt:

1. Til þess að styrkja efnilega læknanema eða lækna til framhaldsnáms við viðurkennda erlenda barnspítala eða háskóla.
2. Til þess að styrkja efnilega unglinga til náms eða framhaldsmenntunar, enda hafi þeir sýnt sérstaka hæfileika og ástundun. Að öðru jöfnu ganga fyrir þeir, sem læknisfræði nema og eru úr Reykjavík eða Rangárvallasýslu. Sjóðstjórnin skal, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, tilkynna í opinberu stjórnarmálgagni, ef um styrkveitingar verður að ræða samkv. þessari grein, og fer um umsóknir samkv. ákvæðum 3. gr., að öðru en því, að meðmælendur skulu vera forstöðumaður skóla þess, er umsækjandi dvaldist í síðast, eða forstöðumaður stofnunar, er umsækjandi hefur unnið við, og viðkomandi sóknarprestur.

#### 13. gr.

Verði úthlutunarfé sjóðsins meira en til að fullnægja öllum framangreindum þörfum, hefur sjóðstjórnin, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, heimild til þess að greiða það fé, sem sjóðstjórnin kynni að ákveða til eflingar minningar-sjóði Ragnheiðar Thorarensen frá Móeiðarhvoli, móður Hannesar Thorarensen, eða öðrum líknarsjóði eða sjóðum í Reykjavík eða Rangárvallasýslu.

#### 14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. október 1945.

Louise Thorarensen.

H. Thorarensen.

Gunnar Thorarensen.

Ragnar Thorarensen.

f. h. Axels Thorarensen

H. Thorarensen.